



Eftirlit með plöntuverndarvörum á markaði 2016

–Samantektarskýrsla um eftirlit í júní 2016

1. Formáli

Markmið efnalaga nr. 61/2013 er að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi hvorki tjóni á heilsu manna né umhverfi, tryggja frjálst flæði á vörum á innri markaði ESB og koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu efnavara. Eitt af hlutverkum Umhverfisstofnunar samkvæmt efnalögum er að hafa eftirlit með markaðssetningu efna og efnablanda sem falla undir lögin.

Plöntuverndarvörur eru notaðar í landbúnaði og garðyrkju til þess að hefta vöxt, varna sýkingum eða skemmdum í gróðri af völdum hvers kyns lífvera eða til þess að stýra vexti plantna, svo sem plöntulyf, illgresiseyðar og stýriefni.

Í þessu verkefni var farið í eftirlit með plöntuverndarvörum á markaði, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga, reglugerð nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur og reglugerð nr. 980/2015 um meðferð varnarefna. Að þessu sinni var lögð sérstök áhersla á að skoða hvort merkingar á plöntuverndarvörum væru í samræmi við gildandi reglur og að öryggisblöð væru aðgengileg fyrir þá sem nota vörunar í atvinnuskyni.

2. Tilgangur og markmið

Samkvæmt efnalögum er Umhverfisstofnun falið að hafa eftirlit með setningu plöntuverndarvara á markað. Plöntuverndarvörur þurfa markaðsleyfi svo það megi setja þær á markað, þær þurfa að vera merktar samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum og afhenda þarf þeim sem nota vörunar í atvinnuskyni öryggisblöð á íslensku.

Í þessu ljósi voru sett fram neðangreind markmið með eftirlitinu:

- Að ganga úr skugga um að plöntuverndarvörur sem eftirlitsþegi setur á markað séu með leyfi.
- Að athuga hvort merkingar séu í samræmi við gildandi reglur þar um.
- Að kanna hvort öryggisblöð séu aðgengileg fyrir þá sem nota vörunar í atvinnuskyni.



3. Framkvæmd

Starfsmenn Umhverfisstofnunar fóru í eftirlit í 5 fyrirtækjum sem setja plöntuverndarvörur á markað og var úrtakið miðað við að ná til fyrirtækja, sem eru framarlega í aðfangakeðjunni og hafa mikla markaðshlutdeild. Samkvæmt þeim gögnum sem stofnunin hefur undir höndum um innflutning á plöntuverndarvörum, má ætla að fyrirtækin sem voru í úrtakinu séu samanlagt með um 87% markaðshlutdeild hér á landi. Eftirlitsþegar koma fram í meðfylgjandi töflu.

Eftirlitsþegar í eftirliti með plöntuverndarvörum á markaði í júní 2016.

Fyrirtæki:	Starfsemi:
Demeter ehf.	Innflutningur, heildsala
Frjó Umbúðasalan ehf.	Innflutningur, heildsala
Garðheimar Gróðurvörur ehf.	Innflutningur, heildsala, smásala
Kemi ehf.	Innflutningur, heildsala
Planta ehf.	Smásala

Eftirlitsferðir fóru fram þann 28. júní 2016. Við komu á staðinn var eftirlitsþega afhent bréf þar sem markmið eftirlitsins komu fram og útskýrt var hvernig eftirlitinu yrði háttað. Fulltrúi fyrirtækis var viðstaddur og staðfesti með undirritun sinni að eftirlitið hafi farið fram.

4. Niðurstöður

Samtals voru skoðaðar 55 plöntuverndarvörur í eftirlitinu og þar af fundust eitt eða fleiri frávik við 36 vörur. Þetta þýðir að tíðni fráviks er um 65%. Algengasta frávik var í því að öryggisblöð voru ekki til staðar fyrir þá sem hyggjast nota vörunar í atvinnuskyni og átti það við um 36 vörur. Merkingar voru ófullnægjandi á 22 vörum og 3 vörur reyndust ekki vera með leyfi til þess að vera á markaði þegar eftirlitið átti sér stað.

Eftirlitsþegum voru sendar eftirlitsskýrslur ásamt bréfi um niðurstöðu eftirlitsins, um miðjan júlí 2016, og þá var einu fyrirtæki jafnframt tilkynnt um málslok, þar sem hjá því komu ekki fram nein frávik. Hinum fjórum fyrirtækjunum var veittur frestur til 31. ágúst 2016 til að bæta úr frávikum og bærust viðbrögð þeirra innan tilskilins frests. Hjá einu fyrirtæki voru viðbrögðin fullnægjandi en hjá hinum þremur þurfti að kalla eftir frekari úrbótum. Eitt af þeim fyrirtækjum hefur nú brugðist við með því að taka af markaði þær vörur sem ekki uppfylltu kröfur. Hinum tveimur hefur verið veittur frestur til 10. mars 2017 til að verða við kröfum um úrbætur vegna plöntuverndarvara sem einungis eru notaðar yfir sumartímenn. Aðrar plöntuverndarvörur sem þessi fyrirtæki setja á markað uppfylla nú kröfur tilskilinna laga og reglugerða.

8. nóvember 2016